



# Sjúkrakostnaðartrygging innanlands

## Skilmáli S-6

Tryggingin veitir vernd á því tímabili sem tryggður nýtur ekki verndar sjúkratrygginga á Íslandi í samræmi við lagaákvæði sjúkratryggingalaga nr. 112/2008.

Um trygginguna gilda skirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um tryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmála þessum ganga frammar ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörður tryggingar hf.

## 1. Kafli. Bótasvið og varúðarreglur

### 1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin nær aðeins til sjúkrakostnaðar sem fellur til á Íslandi og tilgreindur er í staflíðum a-f hér að neðan í samræmi við viðeigandi lagaákvæði sjúkratryggingalaga nr. 112/2008. Tryggingarverndin er ekki í neinum tilvikum viðtækari en löggin kveða á um en er háð takmörkunum sem fram koma á skirteini eða í tryggingaskilmálum þessum. Kostnaðarreikningar umfram viðmiðunargjaldskrár Tryggingastofnunar ríkisins eru ekki greiddir úr tryggingunni. Allar tilvitnanir hér að neðan í lagagreinar eiga við sjúkratryggingalögin.

Tryggingin greiðir kostnað

- við sjúkrahúsvist að ráði læknis, sbr. 18. gr., þó ekki á heilsuhælum nema vegna afleiðinga sjúkdóms eða slyss sem upphaf á og er innan tryggingatímabilsins, né á fæðingarstofnunum.
- við almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa, sbr. 17. gr., þó ekki kostnað vegna bólusetninga.
- við nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir hjá sérfræðingum.
- við lyf sbr. 25. gr sem tryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri auk annars nauðsynlegs lyfjakostnaðar.
- vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar læknis til tryggðs og flutningskostnaðar tryggðs á sjúkrahús.
- vegna hjúkrunar í heimahúsum. sbr. 17. gr vegna alvarlegra sjúkdóma eða slysa sem eru innan bótasviðs tryggingarinnar enda komi heimalega í stað sjúkrahúsvistar.

### 2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin greiðir ekki kostnað:

- sem er bótaskyldur samkvæmt lögum um sjúkratryggingar eða reglugerðum settum samkvæmt þeim;
- vegna slyss sem orðið hefur áður en trygging þessi tók gildi.
- vegna sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en trygging þessi tók gildi
- vegna tannlækninga eða lýtalækninga, nema um sé að ræða nauðsynlegar bráðaáðgerðir vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms;
- sem verður vegna meðgöngu, fæðingarhjalpar eða sjúkdóma sem rekja má til meðgöngu eða fósturláts;
- vegna sjúkdóms eða slyss sem rót á að rekja til neyslu áfengis, ávana- eða fíkniefna;
- vegna ryskinga eða þátttöku í refsiverðum verknaði;
- vegna slysa sem verða í keppni í hvers konar íþróttum eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Einnig eru undanskilin slys er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, fjallaklifri, bjargsgigi, fallhlífarstökki, svifflugi, listflugi, einkaflugi eða annarri álíka tómsundaíðkun eða keppni sem sérstök áhætta fylgir. Sumt af því sem hér er undanskilið er þó unnt að innifela í tryggingunni gegn sérstöku viðbótariðgjaldi;
- vegna tjóns af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

## 2. Kafli. Almenn ákvæði

### 3. gr. Hverjir eru tryggðir?

Trygging þessi gildir fyrir þá einstaklinga sem skráðir eru á skirteinið.

### 4. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi.

### 5. gr. Tryggingartímabil

Tryggingin gildir fyrir það tímabil sem tryggður nýtur ekki verndar sjúkratrygginga, sbr. lög nr. 112/2008 og fram kemur á skirteini. Ábyrgð félagsins hefst þegar staðfesting á ósk um tryggingu hefur borist félaginu og iðgjald hefur verið greitt. Ábyrgð lýkur þegar tryggður öðlast aðild að sjúkratryggingu almannatrygginga en þó í síðasta lagi á miðnætti skráðs lokadags skirteinisins. Tryggingin endurnýjast ekki.

### 6. gr. Iðgjald

Greiðsla iðgjalds er skilyrði þess að ábyrgð félagsins hefjist.

Skilmálar þessir gilda frá 19.11.2024